

- 7.1. að skipuleggja og sjá um áfyllingu og aftöppun eldsneytis, þar með talið að geyma eldsneyti og hafa eftirlit með gæðum og magni þess eldsneytis sem látið er í té;
- 7.2. áfyllingu olíu og annars vökva.
8. Viðhald loftfars felur í sér:
  - 8.1. reglubundna þjónustu fyrir flug;
  - 8.2. sérstaka þjónustu sem flugvallarnotandi fer fram á;
  - 8.3. að útvega og sjá um varahluti og efni til viðgerða;
  - 8.4. ósk um eða pöntun á viðeigandi loftfarsstæði og/eða rými í flugskýli.
9. Flugumsjón og umsýsla vegna flugáhafna felur í sér:
  - 9.1. undirbúning flugs á brottfararflugvelli eða öðrum stað;
  - 9.2. aðstoð í flugi, þar með talið breyting á flugáætlun, ef þörf krefur;
  - 9.3. starfsemi að flugi loknu;
  - 9.4. umsýslu vegna flugáhafna.
10. Flutningur á jörðu niðri felur í sér:
  - 10.1. flutning flugáhafnar, farþega, farangurs, farms og pósts milli flugstöðvarbygginga á sama flugvelli en ekki flutning milli loftfars og annars staðar á sama flugvelli;
  - 10.2. allan sérflutning sem flugvallarnotandi fer fram á.
11. Flugvistþjónusta felur í sér:
  - 11.1. samskipti við birgi og umsýslustjórn;
  - 11.2. geymslu matar og drykkja og búnaðar til tilreiðslu þeirra;
  - 11.3. þvott þessa búnaðar;
  - 11.4. undirbúning og afhendingu búnaðar sem og matar- og drykkjarfanga.

## SAMÞYKKT

### fyrir Veidifélag Lónsár.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Lónsár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

#### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Lónsá, Þórshafnarhreppi, en þær eru: Sauðanes, Ytra-Lón, Eldjárnstaðir, Grund og Ássel, allar í Þórshafnarhreppi.

#### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Veiðifélagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Einnig eru verkefni félagsins að stuðla að góðri umgengni um vatnasvæðið og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum.

## 10. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt hefur verið á stofnfundi Veiðifélags Lónsár og hlotið hefur meðmæli veiðimálastjóra og veiðimálanefndar er sett með heimild í lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum. Samþykktin tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 22. mars 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*